

7. bekkur enska

Kennarar: Erla Sigurþórsdóttir; Hulda Ingibjörg Magnúsdóttir

Lýsing

Lögð er áhersla á að þjálfa færniþættina hlustun, lesskilning, ritun og talað mál (samskipti og frásögn). Kennslan fer að miklu leyti fram á ensku og eru nemendur hvattir til þess að tjá sig á ensku í kennslustundum. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 5.- 7. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

„Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls.124).

Námsefni

Action: Texta- og vinnubók

Verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir

Kennarar munu nota fjölbreyttar kennsluaðferðir: Fyrirlestur, sýnikennsla, kennslubókarkennsla, námsleiki, samræðuaðferð, spurnaraðferð, þrautalausnir, leitaraðferðir, kannanir, hópavinnubrögð svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat

Símat: Vinnubók og verkefni

Nemendur eru einnig metnir eftir ástundun, vinnusemi í tímum og frágangi í vinnubókum og verkefnum.

Enska við lok 2. stig

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (einkunn)**

Enska við lok 2. stig - Hlustun

- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Enska við lok 2. stig - Lesskilningur

- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.

Enska við lok 2. stig - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Þjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.

Enska við lok 2. stig - Frásögn

- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Enska við lok 2. stig - Náms hæfni

- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflöttirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.